

Vegagerðin, Norðvestursvæði  
Ingvi Árnason  
Borgarbraut 66  
310 Borgarnes

Reykjavík 7. október 2015  
UST201510-001/B.S.  
09.07.01

### Efni: Geitland – Langjökulsvegur. Lagfæring snjóastaða. Leyfi

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Vegagerðarinnar dags. 1. október 2015 vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan friðlandsins Geitlands.

**Lýsing framkvæmdir:** Ráðgert er að byggja veginn upp á þeim stöðum þar sem krapi safnast í veginn. Þarna er víða merki um akstur utan vegarins þegar hann hefur verið ófær vegna krapa. Framkvæmdir verða á fjórum köflum samtals 1500 m. Efnistaka verður úr áreyrum Geitár og einnig verður nýtt efni sem hefslað hefur verið úr veginum og liggur víða í áberandi röstum við veginn.

#### Áhrifamat:

Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask innan friðlandsins er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 1. gr. auglýsingar um friðlandið, nr. 283/1988.

Umhverfisstofnun telur framkvæmdina vera jákvæða vegna aukinnar umferðar um svæðið. Þessar aðgerðir munu draga úr utanvegaskstri og efnisvinnsla úr röstum við veginn mun bæta nærumhverfi vegarins.

#### Skilyrði

Umhverfisstofnun metur í hvert sinn hvort framkvæmdir kalla á að veitt sé sérstakt leyfi á friðlýstum svæðum. Er þá metið hvort þær kalla á breytingu svæðis af einhverju tagi, jarðrask, truflun á dýralífi eða mannvirkjagerð, sbr. og friðlýsingarskilmála viðkomandi svæðis.

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyfi fyrir lagfæringu snjóastaða á Langjökulsvegi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Lögð verði áhersla á að nýta efni við veginn og afmá ummerki um utanvegaakstur.
- Samráð verði haft við Umhverfisstofnun um frágang svæðisins.
- Eftirlit fari fram á meðan á framkvæmdum stendur.

#### Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt samningi við Vegagerðina.

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Sigríður Kristjánsdóttir  
Sviðsstjóri